

**Ed.**

**672. Breytingartillögur**

[242. mál]

við frv. til laga um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 8. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „sem seld kunna að vera“ komi: sem seld hafa verið.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Þessar eignir eru undanþegnar fasteignamati:

  1. Vegir, torg og almenningsgarðar í eigu ríkis eða sveitarfélaga og önnur slík svæði, sem ætluð er almenningi til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
  2. Rafveitur, vatnsveitur og skolpveitur.
  3. Hafnargerðir.
  4. Kirkjugarðar.
3. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Á fimm ára fresti milli aðalmata skal yfirfasteignamatsnefnd kanna, hvort fasteignaverð hafi breytt verulega á tímabilinu. Nú telur yfirfasteignamatsnefnd, að svo sé, og getur fjármálaráðherra þá ákveðið breytingu á mati fasteigna í landinu í samræmi við það.
4. Við 21. gr. 1. tölul. orðist svo:

Á nýjum húsum og mannvirkjum (frummat), þegar hús eða annað mannvirki er fullgert.
5. Við 22. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:

Mat samkvæmt 21. gr. framkvæma úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfs kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.
  - b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Unz fasteignamatsskrá er löggilt fyrsta sinni samkvæmt 1. gr. laga þessara, leggur fjármálaráðuneytið fullnaðarúrskurð á kærur út af aukamati, en eftir þann tíma sker yfirfasteignamatsnefnd úr, sbr. 23. gr. 1. mgr. Kærur til fjármálaráðuneytisins skulu vera skriflegar og rökstuddar, og skal aðili kæra matið til ráðuneytisins innan mánaðar frá því, að tilkynning um matið var send honum.